



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík sunnudagur, 4. febrúar 2024

### **Ákvörðun embættis ríkislöggreglustjóra um að framlengja ákvörðun um brottflutning skv. 24. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008**

Mánudaginn 15. janúar sl. tók í gildi ákvörðun ríkislöggreglustjóra um brottflutning íbúa frá Grindavík og bann við allri dvöl og starfsemi í bænum, skv. 1. mgr. 24. gr. almannavarnalaga nr. 82/2008.

Þann 2. febrúar var unnið áhættumat vegna skyndilegra opnunar á sprungum í Grindavík, bæði þeim sem vitað er um og þeim sem kunna að vera huldar. Veðurstofa Íslands var fengin til að meta þá þætti sem snúa að þeirra sérþekkingu, sem eru; líkindi samkvæmt gildandi hættumati, afleiðingar á líf og heilsu, getu til að vakta atburði og spá fyrir um þá, viðvörunartíma og áhrif veðurs. Þá lagði Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra sjálfstætt mat á áhættuna.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu heldur landris áfram við Svartsengi, Skipastígshraun og nágrenni. Ekki er hægt að segja til um hvað það þýðir en talið er að kvíkumagn nái innan skamms svipuðu rúmmáli og 18. desember 2023 og 14. janúar 2024 þegar eldgos hófust. Allt bendir því til að stutt sé í kvíkuhlauð sem endað gæti í eldgosi.

Vísindafólk metur líklegasta upptakastað á Sundhnúkagíga röðinni og þá sunnarlega. Ekki er þó útilokað að kvíka leiti enn sunnar og jafnvel alla leið í Grindavík líkt og þann 14. janúar. Áhætta vegna eldgoss í eða við Grindavík lækkar verulega meðan engin býr eða dvelur þar.

Alvarlegar brotalamir eru í innviðum Grindavíkur varðandi vegin (aðkomu- og flóttaleiðir), vatn (m.a. til slökkvistarfa), rafmagn (m.a. til lýsingar) og öryggi fjarskipta (getu til að greina og boða hættu og til samskipta við hættuástand). Veður hefur einnig mikil áhrif á uppgötvun og mat á hættuatburðum sem lengir heildar viðbragðstíma við hættuástand. Þess ber að geta að áhættan getur verið mismunandi eftir bæjarhlutum en óvissan hvort að það sé raunin er mjög mikil. Fjöldi af sprungum liggar um vegin og götur sem stækka áhrifasvæðið þar sem aka þarf um þau svæði til að komast í bæjarhluta þar sem minna er af þekktum sprungum.



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Niðurstaða áhættumats Almannavarnadeildar er á þann veg að áhættan fyrir dvöl, gistingu og starfsemi í Grindavík sé óásættanleg.

Áhættustig Grindavíkur er RAUTT – lokun svæða og brottflutningur.

Með vísun til umrædds áhættumats og hættu á kvíkuhláupi, sem getur endað með eldgosi, hefur embætti ríkislöggreglustjóra ákveðið að framlengja ákvörðun um brottflutning íbúa frá Grindavík og bann við allri dvöl og starfsemi þar til 19. febrúar 2024, skv. 24. gr. laga um almannavarnir 82/2008. Samráð var haft við embætti löggreglustjórans á Suðurnesjum við ákvörðun um framlengingu umræddra fyrirmæla.

Niðurstaða sérstaks áhættumats sem gert var fyrir tímabundna dvöl og starfsemi á dagtíma er á þann veg að áhættan þykir ásættanleg að uppfylltum ákveðnum mótvægisáðgerðum, skilyrðum og viðbúnaði, sem m.a. lýtur að takmörkum á fólksfjölda, afmörkuðum svæðum, reglubundnum skoðunum á staðnum og aukinni viðbragðsgetu. Áhættumat slíkrar viðveru er ákvarðað á hverjum tíma með hliðsjón af hættumati Veðurstofu, jarðkönnum vega og athafnasvæða, aðstæðum og viðbúnaði á staðnum, tæknilegum þáttum, veðri o.fl. Ein af grunnforsendunum er að jarðkönnum sé lokið á þeim svæðum sem aðgengi er veitt að, en það tekur einnig til nauðsynlegra aðkomuleiða viðbragðsaðila og flóttaleiða frá svæðinu. Ekki verður heimilt að fara um eða dvelja á öðrum svæðum. Jarðkönnum mun í fyrstu ekki ná til opinna svæða og er því för um þau óheimil. Jarðkönnum mun einnig ná til einkalóða og athafnasvæða fyrirtækja og er umferð um slík svæði bönnuð þar til könnun hefur farið fram og þau gerð örugg með fyllingum eða afgirðingu. Nú þegar eru afgirt svæði innan Grindavíkur sem ekki verður heimilt að fara um.

Á grundvelli fyrrgreinds áhættumats verður eingöngu heimilt að dvelja eða starfa í Grindavík með sérstöku undanþáguleyfi löggreglustjórans á Suðurnesjum, í samráði við Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra. Öllum sem búa, starfa eða reka starfsemi í Grindavík, gefst tækifæri til að sækja um slíka undanþágu.

Markmið sérstaks áhættumats og skipulagi viðbragðsmála, er að auka möguleika á dvöl og starfsemi í Grindavík. Forsenda þess er að áhættumatið sýni fram á ásættanlega áhættu að teknu tilliti til stöðu innviða og öruggrar rýmingar m.t.t. óvissu í uppgötvun, boðun og viðbragða vegna hættu. Einnig þurfa lagaákvæði varðandi vinnuöryggi, brunavarnir o.fl. að vera uppfyllt. Unnið er að leiðbeiningum varðandi gildandi kröfur svo unnt sé að uppfylla slík ákvæði. Enn fremur er mikilvægt að íbúar og fyrirtæki sem hafa starfsemi í bænum standi að traustu skipulagi öryggismála og viðbragða.

Um fyrirmæli ríkislöggreglustjóra um brottflutning af hættusvæði fer samkvæmt 1. mgr. 24. gr. almannavarnalaga nr. 82/2008. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að ef fyrirmæli eru gefin samkvæmt 1. mgr., þá er öllum skylt að halda brott á þeirri stundu, á þann hátt og til þess móttökustaðar sem ákveðinn er. Engum er heimilt án sérstaks leyfis að fara af móttökustað. Með tilliti til meðalhófssjónarmiða verður ekki gerð krafa um að brottflutnum einstaklingum sé skylt að fara til skilgreinds móttökustaðar, né að halda sig á skilgreindum móttökustað. Ef einstaklingar eru ekki með dvalarstað, þá stendur þeim til boða að skrá sig hjá þjónustumiðstöð Almannavarna.

565

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Fyrirmælin eru framlengd með hliðsjón af því markmiði almannavarna að takmarka eftir því sem unnt er að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni sbr. 1. gr. almannavarnalaga. Við gerð fyrirmæla ríkislöggreglustjóra var leitast eftir að gæta meðalhófs eins og kostur er, þ.e. hvort unnt væri að tryggja öryggi með vægari aðgerðum, s.s. að takmarka aðgengi að ákveðnum svæðum.

**Fyrirmæli: Ríkislöggreglustjóri hefur ákveðið að beita heimild skv. 24. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 og framlengja fyrirmæli um brottflutning íbúa frá Grindavík, og banna alla dvöl og starfsemi þar, til 19. febrúar 2024. Eingöngu verður heimilt, með sérstöku leyfi lögreglustjórans á Suðurnesjum í samráði við Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra, að dvelja eða starfa í Grindavík.**



Sigriður Björk Guðjónsdóttir,  
ríkislöggreglustjóri